20 11. febr.

LÖG

um viðauka við lög nr. 111 9. okt. 1941, um eftirlit með opinberum sjóðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 6. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 7. og 8. gr., svo hljóðandi:

a. (7. gr.) Nú óska forráðamenn sjóðs (eða jarða, sem eru eign sjóðs), er hlotið hefur staðfestingu forseta Íslands (áður konungs) á skipulagsskrá sinni, svo og kristfjárjarða og sjóða, enda þótt ekki sé staðfest skipulagsskrá þeirra, að breyta skipulagsskrá eða öðrum gjafafyrirmælum, og skulu þeir þá senda tillögur um breytingar til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. júlí 1953. Ef ráðuneytið telur, að breyta þurfi skipulagsskrám eða öðrum fyrirmælum um einstaka sjóði eða gjafir, og eftirlitsmenn opinberra sjóða mæla með því, skal leggja lagafrumvarp um breytingarnar fyrir Alþingi svo fljótt sem unnt er.

Stjórn Legatsjóðs Jóns Sigurðssonar Böggvisstöðum skal þó heimilt að selja jarðir sjóðsins, og enn fremur er forráðamanni kristfjárjarðarinnar Reynis í Innri-Akraneshreppi heimilt að selja þá jörð, svo og hreppsnefnd Fljótsdalshrepps að selja kristfjárjarðir hreppsins, enda verði andvirði jarða þessara varið í samræmi við ákvæði gjafabréfa fyrir þeim. Sala er þó því aðeins heimil, að eftirlitsmenn opinberra sjóða hafi mælt með henni og samþykkt söluverð jarðanna.

b. (8. gr.) Nú er svo fyrir mælt í skipulagsskrá eða gjafabréfi, að jarðeign sjóðs megi ekki selja, en jörðin er laus úr ábúð og enginn vill taka hana á leigu, og er þá forráðamönnum sjóðsins eða eignarinnar heimilt að auglýsa jörðina til sölu með hæfilegum tilboðsfresti og selja hana hæstbjóðanda, þrátt fyrir áðurnefnt ákvæði í skipulagsskrá eða gjafabréfi, enda samþykki eftirlitsmenn opinberra sjóða söluverðið. Ekki má þó auglýsa jörð til sölu eða selja, nema jörðin hafi áður verið opinberlega auglýst til leiguábúðar með a. m. k. 6 mánaða umsóknarfresti, og sé þeim, sem vill taka jörðina á leigu, gefinn kostur á erfðaábúð á jörðinni, enda sé þá jarðareiganda ekki skylt að leggja fram fé til húsagerðar á jörðinni og ábúandi taki á sig þá kvöð, sem hvílir á landsdrottni samkv. 13. gr. ábúðarlaga, nr. 8/1951, að kaupa hús, er fyrrverandi leiguliði kann að eiga á jörðinni, eftir mati úttektarmanna.

Nú gefur einhver sig fram, eftir að jörð er auglýst til sölu, en áður en sala fer fram, sem vill taka jörðina á leigu, og skal þá leigja jörðina, en ekki selja. Þá er og skylt, áður en sala fer fram, að tilkynna það nýbýlastjórn ríkisins og gefa henni kost á að ráðstafa jörðinni til leiguábúðar með þeim kjörum, er að framan greinir, hafi enginn óskað að fá jörðina leigða.

Heimild til sölu á jörðum samkvæmt þessari grein fellur úr gildi við árslok 1954.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.